

Dags eftirlits	1.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Ingi Rafnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Logi Haraldsson	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en ábending var sett fram. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit í Steinull á Sauðárkróki samanstóð af fjarfundi sem var haldinn 27. ágúst og vettvangsferð þann 1. september.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Rekstraraðili kynnti starfsemina.
- Staðan eftir síðasta eftirlit.
- Síðustu vöktunarmælingar og losunarmörk, staðan.
- Geymsla hráefna.
- Jarðgerð.
- Óhöpp/mengunarslys og skráningar þeirra.
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Önnur mál.

Rekstraraðili yfir starfsemina í kynningu, þ.e. vinnsluferilinn, hráefni sem notuð eru við starfsemina og þær breytingar sem hafa verið gerðar eða standa til. Lóðin var nýlega stækkuð til vesturs og tiltekt á henni á að vera lokið. Verið er að skoða orkuskipti á mörgum tækjum sem notuð eru í starfseminni en það myndi lækka kolefnislosun frá starfseminni umtalsvert.

Í síðasta eftirliti, sem fór fram 24. ágúst 2020, komu fram tvö frávik. Þeim var báðum lokað með málslokabréfi þann 16. nóvember 2020. Fyrri frávikíð var vegna olúgeyma sem ekki höfðu verið þykktarmældir. Notkun þeirra geyma hefur nú verið hætt og nýir geymir teknir í notkun sem eru ekki niður grafnir eins og eldri geymar, eldri geymar hafa verið tæmdir. Seinna frávikíð sem kom fram var vegna ryks í útblæstri en það hafði mælst of hátt. Önnur mæling var framkvæmd og þá reyndist ryk vera undir viðmiðunarmörkum.

Fjórar ábendingar voru settar fram í seinasta eftirliti, þar sem rekstraraðila var bent á að koma úrgangshaug á lóð í réttan farveg, óskað var eftir upplýsingum um olúgeyma, bent var á að ljúka þyrfti afmörkun geymslusvæðis og boða þyrfti til samráðsfundar. Upplýsingum um olúgeyma hefur verið komið til stofnunarinnar og samráðsfundur fór fram 15. desember 2020. Úrgangshaugar hafa ekki verið fjarlægðir þó að eitthvað hafi verið tekið til og afmörkun lóðar er ekki lokið.

Rætt var um hráefnageymslur í eftirliti og þá sérstaklega um mögulegt fok efnisins þar sem sumt af hráefnunum er geymt utan dyra. Það er rekstraraðila í haga að sem minnst afföll verði af efnum við geymslu, því hefur rekstraraðili leitað leiða til að efnið fjúki ekki af staðnum. Þau efni sem eru mjög rokgjörn eru geymd innandyra eða í gámum.

Rekstraraðili hefur moltugert ákveðna aukaafurð, jarðgeðin hefur farið fram á lóð starfsleyfishafa. Nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun en í núgildandi starfsleyfi er ekki leyfi fyrir jarðgerð. Því fer hafa ekki verið gerðir nýir jarðgerðarhaugar á lóð rekstraraðila síðan í fyrra en eldir haugar eru geymdir á lóðinni.

Engin mengunaróhöpp komu upp í starfseminni á síðasta ári.

Rætt var um áhættumatið sem ákvarðarnar tíðni eftirlits.

Farið var í vettvangsferð á lóð Steinullar þann 1. september. Hráefna geymslur utan og innan dyra voru skoðaðar. Hráefna innan dyra eru geymd víða um verksmiðjuna eða þar sem handhægt er að nálgast þau. Nýir olútankar voru einnig teknir út í vettvangsferð. Töluvert var af úrgangi á lóð rekstraraðila s.s. haugur af steypubrotum.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að fjarlægja allan úrgang af lóðinni jafnóðum eða eins fljótt og mögulegt er.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.01.2022

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir